

Fjarlæggar slóðir

Pílagrímur í Jerúsalem

NOKKRIR AF HELGUSTU STÖÐUM GYÐINGA, MÚSLIMA OG KRISTINNA MANNA ERU Á LITLUM BLETTI INNAN MÚRA GÖMLU BORGARINNAR Í JERÚSALEM. PÍLAGRÍMAR FRÁ ÖLLUM HEIMSHORNUM FARA LEIÐ KRISTS MEÐ KROSSINN TIL GRAFARKIRKJUNNAR EÐA BIÐJA VIÐ GRÁTMÚRINN

Texti og myndir Helgi Bjarnason helgi@mbli.is

Trúarlífð kraumar í Jerúsalem. Þangað streyma kristnir pílagrímar til að sjá með eigin augum og upplifa þá staði sem tengjast Jesú Kristi og sagt er frá í Biblíunni. Gyðingar koma víða að til að biðja við Grátmúrinn. Þótt fylgjendur íslams og gyðingar séu fjölmennastir í þessari trúarhöfuðborg heims finnst þar hópar úr flestum kirkjudeildum og trúarhópum sem til eru.

Nokkrir af helgustu stöðum gyðinga, múslima og kristinna manna eru á litlum bletti innan múra gömlu borgarinnar. Musterishæðin er mest áberandi en hún hefur verið bitbein múslima og gyðinga um aldir og þeir kristnu létu ekki sitt eftir liggja á sínum tíma. Þar byggði Salómon konungur musteri sitt sem tvisvar var eyðilagt. Á rústum mustersins er nú ták borgarinnar, Klettamoskan með gullna hvolfþakinu ásamt hinni frægu Al-Aqsa-mosku sem múslimar telja sinn þriðja helgasta stað, næst á eftir Mekku og Meðinu.

Vesturmúrinn, Grátmúrinn svonefndi, við Musterishæðina er helgasti bænastaður gyðinga.

Vagga kristinnar er í Ísrael, Landinu helga. Heiti borgarinnar Jerúsalem mun koma fyrir yfir átta hundráð sinnum í Biblíunni.

Ferðamaður úr norðrinu kemst ekki hjá því að kalla fram gamlar



Klettamoskan með sínu gullna hvolfþaki á Musterishæðinni setur mikinn svip á gömlu borgina. Gamla borgin er innan múranna og skiptist í hverfi gyðinga, múslima, kristinna og Armena en íbúarnir eru þar í sátt og samlyndi.

tilfinningar úr barnstrúnni við heimsókn á þessa merku sögu- og trúarstaði. Nálægðin við Guð er næstum áþreifanleg, sérstaklega við Grátmúrinn og í Grafarkirkjunni á Golgata. Nóg væri að fylgjast með viðbrögðum langt aðkominna pílagríma og sjá þegar

langþráður draumur um að biðja á þessum stöðum rætist.

Á píslargöngu

Via Dolorosa er leiðin sem Jesús Kristur gekk með krossinn fyrir tvö þúsund árum til Golgata, Hausaskeljastað, þar sem hann var

krossfestur. Píslargangan hefst í múslimahverfinu, nálægt Ljónahlíðinu, en þar telja menn að höll Pontíusar Pílatasar hafi staðið. Leiðin liggur um þröngar, steinlagðar götur, aðeins inn á mikla verslunargötu araba og síðan áfram inn í hverfi kristinna, að

Grafarkirkjunni. Krökkt er af sölubúðum við götuna og stundum erfið að standast þrábeðni vinsamlegra en ákafra söulumanna um að koma inn og líta á úrvalið.

Pílagrímar koma við í allmörgum kirkjum og kapellum á leiðinni og á fleiri stöðum þar sem minnst er frásagna Biblíunnar af göngu Krists með krossinn. Síðustu staðirnir og þeir mikilvægustu eru í og við Grafarkirkjuna á Hausaskeljastað sem er einn helgasti staður kristinna manna. Þar er meðal annars minnst krossfestingarinnar og tómu grafarinnar.

Fólkið bíður í biðröðum við helgustu staðina, altarið þar sem krossfestingarinnar er minnst, steinbeð Jesú og grófina. Það skiptir engu þótt margt hafi breyst í borginni á tvö þúsund árum og flest verið endurnýjað. Fólk finnur nálægðina við Guð sinn og aðrir hrifast með. Hvernig er annað hægt á svona stað?

Fleiri tómar grafir

Raunar eru fleiri staðir tilnefndir sem grófin tóma. Þannig fara margir kristnir pílagrímar einnig í Grafarkirkjunni sem er utan við Damas-kulhlíð og í helli með tómrí gróf. Margir mótmælendur trúa að það sé „staðurinn“. Þar getur fólk farið inn í grófina og út úr henni aftur og þannig upplifað eigin „upprisu“ eins og Frelsarinn.

HVILDARDAGURINN HEILAGUR Í HUGA GYÐINGA

Tafsamt getur reynst að taka lyftuna

Rabbíninn fer með blessun sem kallast kiddush og við dreypum á vínberjasafa. Þá getur sabbatmáltíðin að kvíði hvíldardags gyðinga hafist. Fjölbreyttur matur er á hlaðborði en þó eftir síðum gyðinga og er því hrein fæða, kosher. Ekki er svínakjöt er á borðum.

Boðið er upp á sabbatmáltíð í veitingasal hótelsins. Einn úr hverri fjölskyldu fer með bænina. Ég fæ borð við hlíðina á rabbína hótelsins og nýt góðs af þjónustu hans. Eini síðurinn sem ég verð var við fyrir kvöldverðinn er að allir skola hendurnir upp úr vatni úr kónnu í vaskinu, nota ekki krannann. Þegar gyðingarnir ganga inn í salinn snerta þeir stökk sem festur er á dyrastafinn en inni í honum er bæn skrifuð á pergament.

Hvíldardagur gyðinga er frá sólsetri á föstudegi til þess er sól sest á laugardegi. Þeir fara að dæmi Guðs sem vann sex daga við að skapa heiminn og hvíldi sig á þeim sjöunda, laugardeginum.

Gyðingar halda hvíldardaginn heilagan. Þeir biðja og gleðjast með fjölskyldum sínum og allir taka sér frí nema brýnar skyldur kalli, svo sem við öryggisgæslu og sjúkrahús. Ferðafólk getur því ekki búist við að ganga að þjónustu visri í Ísrael á laugardeginum.

Síðir þeirra geta haft áhrif á gestina. Gyðingar mega ekki kveikja eld á hvíldardaginn og yfirfæra það á alla tækni. Það á til dæmis við um lyftur, þeir geta ekki ýtt á takana til að velja sér hæð. Það er leyst með því að stilla lyfturnar þannig að þær fara ákveðinn rúnt og opnast sjálfkrafa á öllum hæðum. Það kallar oft á bið og langdregið lyftuferðalag. Á hótelinu eru tvær lyftur og aðeins önnur stillt á þennan hátt til þess að aðrir en gyðingar geti komið sér á milli hæða á venjulegan hátt. Þennan tiltekna sabbatdag háttar hins vegar þannig til að sú lyfta er biluð þannig að fljótlekast er að ganga þreppin 78 upp á fimmtu hæð.

Með hönd á Grátmúrnum

GYÐINGAR BIÐJA SAMAN VIÐ GRÁTMÚRINN FYRIR FRÍÐI Í JERÚSALEM. SLEGIST UM AÐ SNERTA LÍKBÁLINN ÞEGAR 800 ÞÚSUND FYLGJA TRÚARLEIÐTOGA TIL GRAFAR

Kyrrið er yfir Grátmúrnum þar sem rétturáðir og hófsamir gyðingar standa hlíð við hlíð og biðjast fyrir. Þetta er heilagasti staður allra gyðinga, hvaðan sem þeir eru ættaðir. Hin hlíðin birtist í viðbrögðum rétturáðra gyðinga við andlát og útfor áhrifamilis rabbína. Mennirnir með svörtu hattana slást um stöðu við leiðina að grafreitnum svo þeir geti frekar snert líkblínn.

Vesturmúrinn, hinn svonefndi Grátmúr, er í raun stöðvegur Musterishæðarinnar. Hvolfþök moskana múslima og bænatur gæfa yfir og uppgangur að þeim er um trébrú sem liggur yfir bænasvæði kvenna við Grátmúrinn. Þetta er nástáða trúarbragðanna.

Ég set á mig gyðingakollhúfu, legg lófa að veggnum og fer með mína persónulegu bæn í hljóði. Við vegginn eru gyðingar sem aðhyllast ýmsar stefnur í trúnni, hófsamir, íhaldssamir og þeir sem velja rétttrúnaðinn í mismunandi öfgum. Erfitt er að átta sig á muninum, nema vitaskuld klæðnaðinum. Þeir sem eru í svörtu fótunum, með slöngulokka í börtum, með svarta hatta og aka sér fram og til baka og til hlíðar á meðan þeir fara með bænir sínar munu



Klæðnaður rétturáðra gyðinga og hárlipping veku eftirketu. Gyðingar skiptja til marga mismunandi trúarhópa eftir úppur og stefnu en þeir sem vel þekjja til geta eitthvað ráðið af klæðnaðinum hver er hvað.

vera rétttrúnaðarmenn. Sumir eru með bænasjöl og ýmskonar búnaður er notaður til að tengjast betur almættinu. Og þeir biðja upphátt, lesa ritningargreinar og sálma – og það mun vera hefð að biðja fyrir fríði í Jerúsalem.

Fullorðnir menn sitja í hvítum plaststólum við múrinn og líta höfði í lotningu fyrir staðnum og Guði. Einnig er setið í hlíðarherbergi við stórt veggteppi með mynd af Must-erinu. Það leynir sér ekki hvar hug-ur gyðinga er.

Aðrir reyna að troða bæna-refnum á skrifubóm miðum í rifur á milli steina í Grátmúrnum sem raunar eru fullar af skilaboðum til Guðs.

800 þúsund manna jarðarför

Ekki er langt að biðja þess að fá innsýn í annan veruleika, ólíkan fríð-sældinni við Grátmúrinn. Einnhver spenna er loftinu og götur lokaðar þegar túristartíminni er ekkí inn í Vestur-Jerúsalem. Bilstjórnir ségur aðspurður að rabbíní hafi dáið um



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason

Ferðafólk rekur upp stór augu þegar það mætir manni sem því finnst það eigi að kannast við á vegi Krists með Krossinn til Golgata, Via Dolorosa. Maðurinn býður öllum góðan daginn og ljóst að hann er ekki á sinni fyrstu göngu um götuna.

Oft er þröng á þingi á Via Dolorosa, þegar margir hópar eru á ferð á sama tíma.

Á þislargöngu dag einn í október varð mönnum starsýnt á mann sem gekk berfættur í hvítum kufli með jesúskegg og -hár. Undarlegur svipur kom á suma ferðamenn,

jafnvel bros á vör, en fólk vissi ekki almennilega hvernig það átti að taka þessu. Er Hann á ferðinni? Menn sem lifa sig inn í hlutverkio hafa sést hér áður og þá jafnvel með stóran kross meðferðis.

Göngumaðurinn hélt sínu striki og bauð verslunarmönnum góðan

daginn. Hann hafði farið þessa leið áður en nokkuð ljóst að ekki eru tvö þúsund ár liðin frá síðustu göngu hans um þessar götur. En að lokum sneri maðurinn frá enda tepptur vegna fjölmennra ferðahópa sem stoppuðu til að hlusta á leiðsögumenn sína.



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason

Helgasti bænastaður gyðinga er við Vesturmúrinn, undir Musterishæðinni. Þar biðja gyðingar mismunandi uppruna og trúarstefnum fyrir friði í Jerúsalem. Miðum með bænafeinum er gjarnan troðið í rifur á milli steina.

morguninn og margir vilji fylgja honum til grafar.

Á hótelinu kemur í ljós að þetta er ekki „einhver“ rabbíni heldur áhrifamesti trúarleioðugi gyðinga, Ovadia Yosef, sem jafnframt var stofnandi og andlegur leiðtogi stjórnmálaflokks róttækra rétttrúaðra gyðinga. Þótt hann væri orðinn háaldraður og hefði verið veikur um tíma vekur fréttin um andlát hans sterkar tilfinningar meðal gyðinga, ekki aðeins skoðanabráðra hans meðal hinna rétttrúðu heldur einnig venjulegra lífða. Þannig segir rabbíni á hótelinu, vel að merkja maður sem ekki gengur með svartan hatt, að Yosef hafi verið merkasti rabbíni í þúsund ár. Aldraðir gyðingar, ferðamenn frá Bandaríkjunum, tárast þegar þeir ræða um hinn látna trúarleioðuga.

Útförin fer fram samdægurs og sýnt er beint frá henni í sjónvarpinu. Annar svipur er yfir rétttrúðum gyðingum við þá athöfn en við Grátmúrinn. Líkbillinn strandar hvað eftir annað á götum vegna mannfjöldans sem vill fylgja Yosef til grafar og snerta bilinn. Um tíma er töluverður æsingur, menn beita afli til að komast að bilnum. Fáir lögreglumenn sjást og geta lítið gert til að koma bilnum í gegn um þvöguna.

Í dagblöðunum morguninn eftir kemur fram að 800 þúsund gyðingar hafi fylgt Yosef til grafar. Það er ótrúlegur fjöldi miðað við að íbúar borgarinnar, arabar og gyðingar, eru innan við 900 þúsund og aðeins rétt líölega milljón á öllu Jerúsalem-svæðinu.



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason

Ólafur Jóhannsson heiðrar Davíð konung með nærveru sinni við gröfina á Zionshæð. Dagarnir eru fljótir að líða þegar Ólafur dvelur í Jerúsalem.

Varð fyrir hughrifum á Olíufjallinu

ÓLAFUR JÓHANSSON HEFUR KOMIÐ TIL JERÚSALEM Á HVERJU ÁRI Í MEIRA EN ÞRÍATÍU ÁR

Ég kom hingað fyrst fyrir tilviljun og varð fyrir hughrifum fyrsta kvöldið þegar ég leit yfir Jerúsalem frá Olíufjallinu við sólsetur,“ segir Ólafur Jóhannsson sem lýsir fyrstu heimsókn sinni til borgarinnar, fyrir 32 árum. Síðan hefur hann komið á hverju ári, stundum tvisvar, og dvalið upp undir þrjá mánuði í hvert skipti.

Ólafur bjó um tíma í Danmörku. Hann ætlaði að fara í fri til Spánar en þáði boð ferðaskrifstofunnar um ferð til Ísraels þegar ekki var laust sæti í Spánarferðina. Þannig atvikaðist það að hann tók ástfóstri við Jerúsalem.

Vesturmúrinn áhrifaríkastur

Á rúmum þrjátíu árum hafa myndast ýmis tengsl. Í annari ferðinni kynntist Ólafur skólustjóra Skóla vonarinnar sem er kristinn unglingaskóli fyrir palestínsk börn í Beit Jala á Vesturbakkanum. Íslendingar hafa stutt skólann fjárhagslega í meira en tvo áratugi. Ólafur heldur tengslum við skólann og reynir að heimsækja hann á hverju ári. Síðan kynntist Ólafur samtökum sem nefnast Kristna sendiráðið í Jerúsalem og er fulltrúi þeirra á Íslandi.

Ólafur stóð fyrir hópferðum til Ísraels og hefur farið með rúmlega 1200 Íslendinga þangað. Margar ferðirnar voru farnar á Laufskálahátíðina sem er ein af þremur mikilvægustu hátíðum

gyðinga og seinna tók hann þátt í að halda Laufskálahátíðina í Reykjavík. Þekktastur er hann þó líklega fyrir að vera í forsvari fyrir félagið Zion, vini Ísraels, og þættina Ísrael í dag á sjónvarpstöðinni Omega. Málin hafa þróast þannig að hann er eiginlega orðinn óþinber sendiherra Jerúsalem á Íslandi.

Þótt það hafi ekki verið trúin sem dró Ólaf í fyrstu Jórslalaférðina varð heimsókn hans þangað til þess að hann sókkti sér meira niður í Biblíuna. Þar kemur Jerúsalem miklið við sögu, Musterið á Moriahæð og staðir sem tengjast Jesú Kristi. „Áhrifaríkast er að vera við Vesturmúrinn. Þar skynja ég nærveru Guðs betur en á öðrum stöðum,“ segir Ólafur.

Tíminn nálgast

Jerúsalem er talin tiltölulega örugg ferðamannaborg. Ólafur hefur þó upplifað ýmislegt á þeim tíma sem hann hefur dvalið í borginni. Hann segir að árin upp úr 2000 hafi verið erfið vegna sjálfsmorðssprenginga.

Mjög hefur verið dregið úr öryggisgæslu á allra síðustu árum. Enn eru þó málin óþuggperð á milli Ísraels og Palestínumanna og friðarviðræður skila ekki árangri. „Það getur enginn friðarsamningur tryggt friðinn hér. Sem trúður maður veit ég að ekki verður friður fyrr en Friðarhöfðinginn sjálfur kemur og stofnar ríki sitt á jörðinni. Allt bendir til að sá tími sé að nálgast,“ segir Ólafur.